

Ályktun 45. þings BSRB um eignarhald á landi og auðlindum

45. þing BSRB kallar eftir því að Alþingi Íslendinga setji lög sem tryggja að land, landbúnaðarjarðir og auðlindir á landi, í lofti og í legi, geti ekki verið í eign fyrirtækja eða einstaklinga sem ekki hafi lögheimili á Íslandi.

Mikil umræða hefur verið um kaup erlendra auðmanna á íslenskum jörðum og landi og dæmi eru um það að sami aðili hafi keypt margar jarðir á stóru svæði. Flest ríki setja sér lög og reglur sem takmarka á ýmsan hátt sölu á landi, ekki síst landbúnaðarlandi og dýrmætri náttúru. Slíkar reglur miða m.a. að því að tryggja að ríkisvaldið hafi stjórn á viðskiptum með land, náttúruperlur og auðlindum og hafi yfirsýn yfir eignarhald.

Víða er lögð áhersla á að halda eignarhaldi á landi, náttúruperlum og auðlindum í almannaeign. Þannig er þekkt að stjórnvöld ríkja þar sem einkaeignarréttur er í hávegum hafður, eru mörg hver meðvituð um mikilvægi þess að halda eignarhaldi á landi og auðlindum í höndum eigin þegna. Aukin meðvitund um samspil eignarhalds á landi og réttar til ráðstöfunar á auðlindum hefur m.a. orðið til þess að ríki sem í umtalsverðum mæli hafa misst eignarhald á landi út fyrir landsteina eru nú sum hver að leggja bann við landsölu til erlendra aðila. Önnur ríki leggja áherslu á skýrar skorður og takmarkanir í þessum efnum og í sumum tilvikum er nú reynt að vinda ofan af landsölu, sem þegar hefur átt sér stað.

Íslendingar eiga í náttúruperlum og landi gífurleg auðævi sem núverandi kynslóð má ekki undir neinum kringumstæðum glata í hendur útlendra fyrirtækja og auðmanna. Það er skylda okkar að færa komandi kynslóðum það land og þær auðlindir sem þjóðin á, en ekki selja landið í hendur auðmanna sem þá geta ráðstafað því að eigin geðþótta. Græðgisvæðing samtímans má ekki undir neinum kringumstæðum glepja okkur sýn með glópagulli skammtímahagsmuna. Við sem lifum núna höfum landið okkar og auðlindir aðeins að láni frá ófæddum kynslóðum.